

SAMÞYKKT fyrir Veiðifélagið Hölkna.

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélagið Hölkni, Bakkafirði, Langanesbyggð.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar eftirfarandi jarða og landeigna sem land eiga að Hölkna í Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu eða veiðirétt eiga í henni neðan Hölknaárdraga eða fiskgengum lækjum sem í hana falla samkvæmt skrá Fiskistofu þar um, sbr. ákvæði 1. t. l. 12. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Þær jarðir sem land eiga að Hölkna eru: Miðfjörður I, Miðfjörður II, Melavellir, Gunnarsstaðir, Veðramót I, Veðramót II og Hölkna, einnig sem handhafar veiðiréttar neðan Sellækjar: Djúpilækur I, Djúpilækur II, og Bjarmaland.

4. gr.

Um atkvæðisrétt í félaginu fer samkvæmt ákvæðum 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

5. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Formaður skal kosinn beinni kosningu. Ganga þeir úr stjórninni á víxl. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið og hinir hitt árið. Félagið skal kjósa löggiltan endurskoðanda.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

8. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanna áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á

stjórnarfundu. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

9. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundu í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundu ræður afl atkvæða. Stjórn félagsins boðar til félagsfunda á milli aðalfunda telji hún þess þörf. Einnig er henni skylt að boða til félagsfunda ef 1/3 hluti félagsmanna óskar þess.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðslan fram á fundu skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundargerðabók.

Á félagsfundu skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundu skulu skráð í fundargerðabók.

10. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Á aðalfundu skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá, allt samkvæmt eftirfarandi dagskrá. Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins.

Á aðalfundu skal:

- a) Leggja fram skrá um atkvæði á fundinum, sbr. 9. gr.
- b) Flytja skýrslu stjórnar.
- c) Leggja fram reikninga félagsins áritaða af endurskoðanda og skoðunarmönnum.
- d) Staðfesta reikninga félagsins.
- e) Afgreiða tillögur um breytingar á samþykkt félagsins ef einhverjar eru.
- f) Leggja fram rekstraráætlun fyrir komandi starfsár.
- g) Kjósa stjórnarmenn, endurskoðanda og skoðunarmenn sbr. 4. gr.
- h) Kjósa fulltrúa á aðalfund Landssambands veiðifélaga.
- i) Taka til afgreiðslu önnur mál er varða félagið og löglega eru upp borin.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa niðurstöðutölur ársreikninganna í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykkt félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

13. gr.

Aðalfundur félagsins tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að stjórn félagsins hefur lagt fram tillögur um það efni.

Gjalddagi arðs skal vera ekki síðar en einum mánuði eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin.

14. gr.

Minnst tíu hundraðshlutar þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður til þarfa sem aðalfundur félagsins hefur ákveðið skal leggja í varasjóð uns hann nemur 25% af árlegum leigutekjum félagsins fyrir stangveiðiréttinn í ánni. Þegar því marki er náð skulu framlög til varasjóðs nema minnst fimm hundraðshlutum af hagnaði þar til sjóðurinn nemur 75% af eins árs leigutekjum. Með ákvörðun aðalfundar er unnt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga í varasjóð.

Heimilt er að nota varasjóðinn til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Nú nemur varasjóður meiru en 75% af árlegum leigutekjum fyrir stangveiðiréttinn í ánni og er þá heimilt að úthluta sem arði til félagsmanna þeirri fjárhæð sem umfram er eða nota til annarra þarfa sem aðalfundur ákveður.

15. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir Veiðifélagið Hölkna, nr. 659/2013.

Fiskistofu, 7. desember 2016.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.